

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/139****2018/EES/33/23****frá 29. janúar 2018****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar tilvísanir í ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,

að höfðu samráði við nefndina um samevrópskt loftrými

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 16. lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006 ⁽²⁾ er vísað til skilgreininganna, sem mælt er fyrir um í 1. bindi Verklagsreglna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) fyrir flugleiðsöguþjónustu — Starfræksla loftfara (PANS-OPS, skjal nr. 8168), nánar tiltekið fimmtu útgáfu frá 2006 með breytingu nr. 6. Hinn 10. nóvember 2016 breytti Alþjóðaflugmálastofnunin skjali nr. 8168 með breytingu nr. 7.
- 2) Í 2. lið í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1033/2006 er vísað til ákvæðanna, sem mælt er fyrir um í Verklagsreglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM, skjal nr. 4444), nánar tiltekið í 15. útgáfu frá 2007 með breytingu nr. 6. Hinn 10. nóvember 2016 breytti Alþjóðaflugmálastofnunin skjali nr. 4444 með breytingu nr. 7A.
- 3) Uppfæra ætti tilvísanir til skjals nr. 8168 og til skjals nr. 4444 í reglugerð (EB) nr. 1033/2006 til að gera aðildarríkjunum kleift að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar sínar og tryggja samræmi við alþjóðlegan regluramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1033/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1033/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) í stað 16. liðar 2. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„16. „verklagsreglur fyrir aðflugssvæði“: staðlaðar blindbrotflug- og aðflugsléiðir, eins og skilgreint er í Verklagsreglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugleiðsöguþjónustu — Starfræksla loftfara (PANS-OPS, skjal nr. 8168 — 1. bindi — 5. útg. — 2006, ásamt öllum breytingum til og með nr. 7)“,

- 2) í stað 2. liðar viðaukans komi eftirfarandi:

„2. Liður 4.4. í 4. kafla (Flugáætlanir) og liður 11.4.2.2 í 11. kafla (Skeyti um framvindu flugs) úr PANS-ATM skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444 (16. útg. — 2016, ásamt öllum breytingum til og með nr. 7A)“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 25, 30.1.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar)

(1) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006 frá 4. júlí 2006 um kröfur er varða verklagsreglur um flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska loftrýmisins (Stjtið. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 46).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
